

Snjóflóðaannáll áráanna 1972 til 1975

SIGURJÓN RIST

VATNAMÆLINGAR, ORKUSTOFNUN

INNGANGUR

Hinn 20. desember 1974 létust 12 manns í snjóflóðum í Neskaupstað. Hafa þá látist 114 manns í snjóflóðum hér á landi það sem af er öldinni (sjá aths. á bls. 58).

Í stórverkinu *Skrifuföllum og snjóflóðum* skrifaði Ólafur Jónsson ýtarlegan snjóflóðaannál allt frá upphafi Íslandsbyggðar til ársloka 1957. Í greininni *Snjóflóð og snjóflóðahætta*, sem við Ólafur skrifuðum sameiginlega, til að reyna að vekja þjóðina af andvaraleysi, og birtist í Jökli 1971, skrifaði Ólafur framhald annáls síns yfir tímabilið 1958–1971. Þegar Ólafur gekk frá handritinu til prentunar, tók hann fram, að á sig mætti ekki lengur treysta um að halda til haga fróðleik um snjóflóð, þar sem Elli kerling sækta á og kraftar væru að þrjóta.

Með hjálp góðra manna viðs vegar um land hef ég tekið saman annál þann, sem hér birtist. Í snjóflóðagreininni í Jökli 1971 drepum við Ólafur á, hvernig haga þurfi skráningu snjóflóða. Þar bendum við meðal annars á, að úti á landsbyggðinni á snjóflóðasvæðunum þurfi að vera sérstakir snjóflóðaathugunarmenn. Starf sjálfboðaliðanna, sem veitt hafa mér liðveislu, mælt hlauprásir og safnað heimildum, er eins konar visir að kerfisbundinni snjóflóðaskráningu. Kann ég þeim öllum hinar bestu þakkir. En þrátt fyrir starf þeirra er gagnasöfnunin af landinu í heild vægast sagt gloppótt, landið er reyndar æði stórt. Í mörgum héruðum er á vordegi gengið fram á snjódyngjur — leifar snjóflóða — og að sumrinu, þegar jörð er alauð, má greina vegsummerki snjóflóða, sem hvergi er getið.

Áriðandi er að hvert snjóflóð sé skráð, hvort heldur það veldur skaða eða ekki. Stefna ber að því að gefa út snjóflóðakort af öllum snjóflóðasvæðum landsins. Með annálsbrotum þessum er

gerð tilraun til að sýna snjóflóðakort. Valdir hafa verið Önundarfjörður, V.-Ísafj., og Mjóifjörður, S.-Múl. Hlutverk kortanna er tvíþætt. Í fyrsta lagi að sýna snjóflóðastaði viðkomandi byggðarlaga og í öðru lagi, ef vel tekst til, að vera eins konar leiðarvisir að gerð snjóflóðakorta. Að Önundarfjarðarkortinu unnu Páll Ásgeirsson rafgæslumaður á Flateyri, og Jón Guðjónsson, bóndi, Veðrará, en Vilhjálmur Hjálmarsson, menntamálaráðherra, dró upp hlauprásir Mjóafjarðarkortanna og skrifaði kaflann *Snjóflóðasvæði við Mjóafjörð*. Þeir, sem að kortunum unnu, biðja þá, sem sjá eitthvað ábótavant við kortin, t. d. geta gefið frekari og fyllri upplýsingar, að koma þeim umfram allt á framfæri, svo að þær verði í handraða, þegar snjóflóðakort viðkomandi staðar verður gefið út á ný. Slíkar athugasemdir má senda til mín. Nokkur snjóflóðakort önnur eru í undirbúningi, nær tilbúin, svo sem af Siglufirði og Dalsmynni.

Við athugun eftirfarandi frumgagna kemur greinilega í ljós, að aðalsnjóflóðahrinurnar eru samfara eða í lok norðan stórveðra. Í þessu sambandi má nefna snjóflóðahrinuna á Vestfjörðum eftir 13. febrúar 1973, snjóflóð á Norðurlandi 19. desember 1973 og svo miklu snjóflóðin á Norðurlandi og Vestfjörðum í og eftir stórhriðarveðrið 8.–12. febrúar 1974, og að lokum snjóflóðin í desember 1974 á Norðurlandi og Austfjörðum, þegar afdrifarík snjóflóð féllu á Neskaupstað. Þá hafði hver lægðin af annarri gengið austur sunnan við land og dælt raka-mettuðu haflofti úr austri og norðaustri inn yfir austanvert landið og skafið í brúnir mót suðri og vestri.

Á milli aðalhrinanna finnast einstök snjóflóð, hin svonefndu „síðbúnu snjóflóð“, og snjóflóð, sem eiga sér aðrar veðurfarslegar orsakir en NA-áttina, venjulegast augljósar og ofur einfaldar, þegar vel er að gáð.